

Ed.

125. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 15 ára um nýár næst á undan gjalddaga, skal greiða kirkjugjald kr. 3.00 á ári. Undanþegnir gjaldi þessu eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella horið að greiða til þjóðkirkjunnar, að meðtöldu niðurjöfnuðu hundraðsgjaldi samkvæmt þriðju málsgrein.

Kirkjugjald skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísitölu fyrir það almanaksár, sem þá er liðið, er gjaldi er niður jafnað. Af kirkjugjaldi þessu ganga $\frac{5}{100}$ hlutar til sóknarkirkjunnar, en $\frac{1}{100}$ hluti rennur í sameiginlegan kirkjusjóð, sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið skal kirkju og kristindómi landsins til eflingar og styrktar, samkvæmt reglugerð, er setja skal um sjóðinn.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá rétt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á kirkjugjaldsskylda útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni kirkjumálaráðherra. Samhljóða frumvarp flutti menntmn. Nd. að beiðni sama ráðherra á síðasta aðalþingi, og er vísað til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi þá (Alpt. 1945, þskj. 760). Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins.